

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um stoðþjónustu.

1. *Hversu margir starfsmenn á vegum ráðuneytisins starfa við stoðþjónustu? Svar óskast sundurliðað eftir ráðuneyti og starfseiningum.*

Í ráðuneytinu starfa 65 starfsmenn á 7 skrifstofum. Skrifstofur sem um er ræða eru skrifstofa löggjafarmála, skrifstofa réttinda einstaklinga, skrifstofa almanna- og réttaröryggis, skrifstofa réttarfars og stjórnssýslu, skrifstofa jafnréttis- og mannréttindamála, skrifstofa yfirstjórnar og svo skrifstofa fjármála og rekstrar. Undirstofnanir ráðuneytisins eru 39 talsins.

Í skipuriti er skrifstofa fjármála og rekstrar skilgreind sem stoðskrifstofa en á henni starfa 13 starfsmenn. Sú tala er þó ekki nákvæm þar sem á þeirri skrifstofu er unnið að bókhaldi, móttöku, innkaupum og rekstrargreiningu fyrir hönd ráðuneytisins ásamt öðrum verkefnum sem ekki falla undir stoðþjónustu. Tveir starfsmenn starfa einvörðungu við stoðþjónustu og tveir í skjalavörslu. Ekki er þó mögulegt að tilgreina nákvæman fjölda stöðugilda þeirra sem starfa við stoðþjónustu þar sem verkefni starfsmanna falla oft bæði undir stoðþjónustu og önnur verkefni.

2. *Að hve miklu leyti nýta viðkomandi einingar sér stoðþjónustu Fjársýslu ríkisins?*

Ráðuneytið er í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslunni og er í stöðugum samskiptum við stofnunina vegna bókhalds, uppgjörs, launaafgreiðslu og ráðgjafar í mannauðsmálum. Fjársýslan rekur miðlægt fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins og því er mikið samstarf milli Fjársýslunnar og ráðuneytisins.